

---

**FUNDARGERÐ**

<b>Fundur:</b>	<b>Raforkuhópur 2013-04</b>
<b>Fundartími:</b>	<b>Fimmtudagur 16. maí 2013 kl. 10:30</b>
<b>Fundarstaður:</b>	<b>Orkustofnun, Grensásvegi 9</b>
<b>Fundarefni:</b>	<b>1) Fundargerð síðasta fundar. 2) Raforkunotkun á fyrstu þremur mánuðum ársins. 3) Breytingar á raforkuspá og forsendur endurreiknings. 4) Almennar forsendur raforkuspár. 5) Önnur mál.</b>

---

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:	Erla Björk Þorgeirsdóttir Rúnar Svavar Svavarsson Sverrir Jan Norðfjörð Baldur Dýrfjörð Pétur E. Þórðarson Sigurður Ágústsson
EFLA:	Jón Vilhjálmsson Ingvar Baldursson
Orkustofnun:	Pétur Sólmes Jónsson
Fjarverandi:	Ásgeir Sigtryggsson

- 1) Engar athugasemdir við fundargerð síðasta fundar.
- 2) IB fór yfir raforkunotkun á fyrsta ársfjórðungi. Raforkuvinnslan hefur aukist um 2,4% frá sama tíma árið 2012 en flutningstöp hafa aukist um 12,6%, líklega vegna aukinna flutninga um Byggðalínukerfið til Austurlands. Stórnotkun hefur aukist um 3,1% en almenn notkun hefur minnkað um 0,5%. Ótryggð orka hefur aukist um 2,3% á þessu tímabili en forgangsorkan hefur minnkað um 1,0 %. Nokkur munur er á hitafari þessa mánuði milli ára og er árið 2013 hlýrra en 2012 en þar að auki var hlaupár 2012 sem kallar á aukna notkun sem einnig er leiðrétt fyrir. Forgangsorka eykst eftir leiðréttingu um 0,7%.

JV sýndi tölur um raforkunotkun eftir dreifiveitusvæðum og kom þar fram að forgangsorka hefur minnkað hjá öllum dreifiveitunum nema Norðurorku (0,32% aukning) á fyrsta ársfjórðungi frá sama ársfjórðungi árið á undan. Nokkur umræða var

um þróun raforkunotkunar þar sem vöxtur hennar hefur á undanförunum misserum minnkað eftir að hafa tekið nokkuð við sér á árinu 2011.

- 3) IB fór yfir aflagögn og sýndi nokkrar myndir. Rætt var um að fram kæmu frekari skýringar við gögnin.

RSS sagði að HB Grandi væri búinn að kaupa ketil fyrir fiskimjölsverksmiðju á Akranesi sem væri 11 MW. SN sagði að nýr strengur til Vestmannaeyja kæmi í sumar en hann yrði rekinn til að byrja með á 33 kV en ekki lægi fyrir hvenær hann yrði spennuhækkaður í 66 kV sem væntanlega væri forsenda fyrir aukinni notkun fiskimjölsverksmiðja þar.

- 4) Rætt var um almenna forsendur og sagði JV að unnið væri að endurskoðun á Jarðvarmaspá og yrðu þá þeir kaflar sem tengjast henni endurskoðaðir. Stefnt er að því að gefa almennu forsendurnar út á þessu ári. Landsnet mun koma með tölur til að nota varðandi notkun sem tengist beint flutningskerfinu.

- 5) Engin önnur mál.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:10. Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 13. júní 2013.

---

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinn:

Dreift var á fundinum:

Sýnt var en ekki dreift:

- Hitastigsleiðrétt raforkunotkun.
- Raforkunotkun eftir veitusvæðum.
- Nokkrar myndir um raforkunotkun 2012.

Verkefni:

Umsjón	Verkefni
SN/IB/JV	Notkun stóriðju
